

# Reglur og gjaldskrá Hafnarfjarðarhafnar vegna úrgangs, skólps, mengandi efna og farmleifa frá skipum.

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 33 frá 2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er óheimilt að losa sorp og farmleifar frá skipum á hafsvæði innan tólf sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu.

Óheimilt er að losa skólp frá skipum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang innan tólf sjómílna frá landi. Heimilt er að losa skólp, sem hefur verið meðhöndlað í hreinsikerfi samþykktu af Samgöngustofu eða sambærilegu stjórnvaldi annars ríkis, utan fjögurra sjómílna frá landi. Samkvæmt sömu lögum er óheimilt að losa mengandi efni, frá skipum í mengunarlögsögu Íslands. Skipstjóri ber ábyrgð á því að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri skips sem hefur viðkomu í höfn skal tryggja að farmleifar séu afhentar í þar til gerðri aðstöðu hafnarinnar fyrir móttöku úrgangs og farmleifa.

## 2. gr.

Öll skip, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota, skipum sem þjónusta fiskeldi og skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum, sbr. f-lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá skyldu um afhendingu úrgangs í viðkomandi höfn fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni.

Gjald skv. 1. mgr. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð.

## 3. gr.

Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar en er hvorki fiskiskip né skemmtibátur sem ekki má flytja fleiri en 12 farþega, ber ábyrgð á að tilkynning um úrgang og farmleifar í skipum, sbr. viðauka II við reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum, sé fyllt út með réttum upplýsingum og komið til viðkomandi hafnaryfirvalda:

- a. með 24 klukkustunda fyrirvara áður en komið er til hafnar ef viðkomuhöfn er þekkt; eða
- b. um leið og viðkomuhöfn er ákveðin ef 24 klukkustunda fyrirvari næst ekki; eða
- c. áður en lagt er úr fyrri höfn ef sjóferðin er skemmri en 24 klukkustundir.

Útfyllt tilkynning um úrgang og farmleifar í skipum skal geymd um borð í skipi þar til komið er til viðkomuhafnar.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilum tilkynningar fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og geta sýnt fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni. Skylda til að skila tilkynningu skv. 1. mgr. á ekki við um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.

## 4. gr.

Skv. 9. tl. hafnalaga nr. 61 frá 2003 leggja hafnir á sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarvæði, sem og eyðingu sorpsins. Skv. 1. tl. 2. mgr. 17. greinar sömu laga er skylt að leggja á gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum. Sú gjaldtökuskylda tekur til allra skipa sem koma til hafnar, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota, skipum sem þjónusta fiskeldi og skipum í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sbr. 11. gr. og 11. gr.

a. – 11. gr. d. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Skyld er að innheimta gjald samkvæmt þessum tölulíð. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs skal standa undir kostnaði við aðstoðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar.

#### 5. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra eða þyngd úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- a. **Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,70 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum líð er kr. 5.000 og hámarksgjald kr. 45.000.
- b. **Úrgangsgjald:** Gjald skv. staflíð a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,35 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum líð er kr. 5.000 og hámarksgjald kr. 22.500.
- c. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. líð fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Hafnarfjarðarhafnar skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.000 á mánuði.
- e. **Förgunargjald:** Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 10.000 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- f. **Förgunargjald:** Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
- g. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

#### 6. gr.

Á heimasíðu Hafnarfjarðarhafnar er að finna upplýsingar um þá aðila sem viðurkenndir eru til að taka á móti og farga úrgangi frá skipum.

7. gr.

Brot gegn lögum um bann við losun mengandi efna í efnahagslögsögu Íslands varðar ábyrgð að lögum. Sömuleiðis geta vanhöld á skilum gagna eða tilkynningum til hafnar valdið viðurlögum eða aðgerðum Umhverfisstofnunar.

Reglur þessar og gjaldskrá er sett í samræmi við lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og hafnalögum nr. 61 frá 2003 og staðfest af stjórn Hafnarfjarðarhafnar þann 16. desember 2014.

Samþykkt á fundi stjórnar  
Hafnarfjarðarhafnar  
16.12.2014.

Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri